

Ed.

510. Breytingartillögur

[204. mál]

við frv. til 1. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarþúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (JÁH).

1. Við 9. gr.

a. 1. mgr. B-liðar orðist svo:

Persónuafsláttur heimilisfastra manna hér á landi, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal vera sem hér segir:

1. Fyrir einstaklinga, sbr. þó 3. tl., og hvort hjóna, sem telja fram hvort í sínu lagi 101 300 kr.
2. Fyrir hjón, sem samsköttuð eru 153 600 kr.
3. Fyrir einstætt foreldri, sem heldur heimili og framfærir þar börn sín, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs sem skattur er lagður á, 153 600 kr.

b. 1. mgr. C-liðar orðist svo:

Með hverju barni, sem heimilisfast er hér á landi, þar með talin stjúp- börn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á og er á framfæri heimilisfastra manna hér á landi sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara, skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins er nemi 32 150 kr. með fyrsta barni og 47 150 kr. með hverju barni umfram eitt. Þó skal fjárhæð barnabóta skert um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á skattárinu vegna barnsins.

2. Aftan við ákvæði til bráðabirgða í lok II. kafla (á eftir 12. gr.) bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal halda áfram athugun á skattakerfinu og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi. Í því sambandi skal athugað sérstaklega, að hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi, þannig að vinni hjón utan heimilis, skuli hvor aðili greiða tekjuskatt af þeim tekjum, sem hann vinnur fyrir. Vinni annar aðilinn utan heimilis, skuli þeim, sem engar tekjur hefur, reiknaður til tekna hluti af tekjum hins, þó aldrei hærri fjárhæð en helmingur af tekjum hans.